

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Árnes.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 21. desember 2017, breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. nóvember 2017.

Í breytingunni felst að íbúðarsvæði við enda Bugðugerðis stækkar, þjónustusvæði S4 (leikskólalóð) við Skólabraut er breytt í íbúðarsvæði, svæði fyrir verslun og þjónustu (V3), stækkar og opið svæði minnkar sem því nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. desember 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2018